

svarar einum og hálfum barnalífeyri á 1. verðlagssvæði við tekjumark það, er þar 162 greinir, áður en skerðing hefst, og aldrei skal lífeyrisgreiðsla vera hærri samkvæmt 17. des. þessari grein en samkvæmt ákvæðum 1. gr.

4. gr.

Nú eru í fjölskyldu auk barna, sem ákvæði 3. gr. taka til, börn, sem ekki eiga lífeyrisrétt, og skal þá heita ákvæðum 3. gr. svo sem lífeyrisréttar nytu öll þau börn fjölskyldunnar, sem teljast eiga með við ákvörðun barnalífeyris eða fjölskyldubóta. Þó skal aldrei greiða hærri upphæð barnalífeyris og fjölskyldubóta samanlagt en sem nemur fullum barnalífeyri með þeim börnum, sem á honum eiga rétt, að viðbættum fjölskyldubótum, sem greiða bæri vegna annarra barna.

5. gr.

Sé greiddur barnalífeyrir með börnum þeim, sem nefnd eru í 1.—3. gr. hér að framan, skal telja sjálfstæðar tekjur þeirra með tekjum framfærenda.

6. gr.

Lífeyrir munaðarlausra barna, er hafa sjálfstæðar tekjur, sem fara fram úr einum og hálfum einstaklingslífeyri á 1. verðlagssvæði, skal lækkaður um sextíu hundraðshluta þess, sem umframtekjur nema.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 22. gr., sbr. 17. gr., laga nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar, gengur í gildi 1. janúar 1957. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 75 frá 17. maí 1956.

Félagsmálaráðuneytið, 17. desember 1956.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

AUGLÝSING

um innheimtu skemmtanaskatts árið 1957.

163

28. des.

Ákveðið hefur verið að nota heimild laga frá 27. desember 1956 til þess að innheimta skemmtanaskatt af kvikmyndasýningum með 200% álagi og af öðrum skemmtunum með 20% álagi árið 1957.

Leiksýningar, hljómleikar og söngskemmtanir innlendra manna, svo og sýningar á íslenskum kvikmyndum, eru undanþegnar álaginu.

Í menntamálaráðuneytinu, 28. desember 1956.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Knútur Hallsson.